

Fundur vegna náms í flutningagrein

Fundargerð fundar mánudaginn 09.09.2013 í Tækniskólanum kl. 10.30.

Mætt: Ólafur Finnbogason, Auður Þórhallsdóttir og Edda Jóhannesdóttir frá starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina. Baldur Gíslason og Jón B. Stefánsson frá Tækniskólanum. Hjalti Jón Sveinsson, Sigríður Huld Jónsdóttir og Jóhannes frá VMA.

Árið 2012 lét starfsgreinaráðið vinna þarfagreiningu fyrir nám í flutningafræðum og í framhaldi af því var sótt um styrk í sjóðinn „Nám er vinnandi vegur“ til þess að setja upp námsbraut fyrir greinina.

Tækniskólinn og VMA voru samstarfsaðilar í umsókn ráðsins. Ráðið fékk jákvætt svar um styrkinn og með þessum fundi var ætlunin að hefja verkefnið.

Á fundinum kom fram að ýmislegt er til sem hægt er að styðjast við þegar unnin er námskrá fyrir greinina. Mímir símenntun vann gátlista út frá viðmiðum atvinnulífsins fyrir raunfærnimat starfsfólks í vöruhúsum en raunfærnimatið sjálft hefur ekki verið framkvæmt. Þá hafa Samskip og Eimskip rekið flutningaskóla innan fyrirtækjanna og hafa stuðst við námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en margt í þeirri námskrá er orðið úrelt. Eimskip hefur þó ekki starfsrækt skólann undanfarin ár.

Niðurstaða fundarins var að skipa þriggja manna hóp til að koma verkefninu af stað og vinna það áfram. Tækniskólinn og VMA skipa einn aðila hver í hópinn og síðan mun Edda vera í hópnum fyrir hönd ráðsins. Hópurinn mun síðan kalla inn aðila sem þekkja til greinarinnar eftir því sem við á þegar farið verður að vinna verkefnið.

Tækniskólinn og VMA munu senda Eddu nöfn aðila sem þeir tilnefna í hópinn og Edda sér síðan um að koma því efni sem til er til þeirra svo þeir geti kynnt sér málið. Jafnframt mun Tækniskólinn og VMA senda Eddu upphæð fyrir tímakaup sem skólinn tekur fyrir vinnuna.